

Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi

Á afmælistálþingi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) sem haldið var fimmtudaginn 31. mars 2016 í Egilsbúð í Neskaupstað um uppbyggingu þekkingarsamfélags á Austurlandi var tilkynnt um stofnun starfshóps sem á að skilgreina þrjú verkefni á þessu sviði sem ráðist verður í á næstu fimm árum. Þá var undirrituð viljayfirlýsing um myndun fagraðs starfshópinum til stuðnings.

Aðalfyrirlesari á tálþinginu var Frank Rennie, prófessor sjálfbærri þróun í dreifbýli við University of Highlands and Islands í Skotlandi. Rannsóknir hans hafa einkum beinst að námi á netinu og kostum nettenginga fyrir sjálfbæra uppbyggingu á landsbyggðinni. Auk hans fluttu erindi Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, Sæunn Stefánsdóttir, forstöðukona Stofnunar rannsóknarsetra Háskóla Íslands, Kristín Ágústsdóttir, forstöðukona Náttúrustofu Austurlands, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, yfirverkefnastjóri háskólanáms og rannsókna hjá Austurbrú, Elísabet Erlendsdóttir, formaður Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík og Þórarinn Sólmundarson, skrifstofustjóri við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þá var boðið upp á málstofu um svæðisskipulag þar sem Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu flutti fyrirlestur. Í lok fundarins var tilkynnt um stofnun starfshóps sem hefur það verkefni að skilgreina þrjú verkefni á þessu sviði sem ráðist verði í innan fimm ára. Fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, University of Highlands and Islands, Háskólans á Akureyri, Háskóli Íslands, Náttúrustofu Austurlands og Austurbrúar undirrituðu viljayfirlýsingu um að mynda fagrað til stuðnings starfshópinum.

Íbúum hefur því miður fækkað heldur á Austurlandi á liðnum árum. Ein skýring á þessari neikvæðu þróun er skortur á sérhæfðum störfum fyrir háskólamenntaða einstaklinga. Sömuleiðis hefur framboð á fjarnámi á háskólastigi verið af mjög skörum skammti og einsleitt. Þá hallar verulega á Austurland þegar kemur að háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum ríkisins.

Málþingið, sem var öllum opið, var haldið í tilefni þess að á þessu ári eru 50 ár liðin frá stofnun landshlutasamtakanna. Stofnfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi var haldinn í Egilsbúð dagana 8. – 9. október 1968. Þar var samþykkt að stofna til samtaka austfirskra sveitarfélaga en alls sóttu fundinn 28 fulltrúar frá 15 sveitarfélögum. Þá voru einnig samþykkt lög fyrir SSA þar sem fram kemur að markmið sambandsins skuli vera að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna, einkum í atvinnu-, efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu- og félagsmálum. Í dag eiga öll átta sveitarfélögin á starfssvæði SSA, frá Djúpavogi í suðri til Vopnafjarðar í norðri, aðild að landshlutasamtökunum. Verkefnum SSA hefur fjölgað á undanförunum árum, ekki síst með tilkomu samnings um sóknaráætlun.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Blöndal (sigrunblondal@egilsstadir.is), formaður stjórnar SSA í síma 8478121.

